




Reykjavíkurborg  
Umhverfis- og skipulagssvið

# Gufunes

Hugmyndasamkeppni um framtíðarskipulag  
Gufunessvæðis í Grafarvogi



Dags. 1. mars 2016

**SAMKEPPNISLÝSING - drög**



Reykjavíkurborg í samstarfi við FÍLA

## Efnisyfirlit

|            |   |           |
|------------|---|-----------|
| 1          | Aðdragandi                                | 3         |
| <b>1.1</b> | <b>Inngangur</b>                          | <b>3</b>  |
| <b>1.2</b> | <b>Markmið</b>                            | <b>3</b>  |
| <b>1.3</b> | <b>Sorphaugar Gufunesi</b>                | <b>4</b>  |
| <b>1.4</b> | <b>Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030</b> | <b>4</b>  |
| <b>1.5</b> | <b>Núverandi aðstæður</b>                 | <b>6</b>  |
| 2          | Leiðarljós og markmið                     | 11        |
| <b>2.1</b> | <b>Leiðarljós:</b>                        | <b>11</b> |
| <b>2.2</b> | <b>Megin markmið:</b>                     | <b>11</b> |
| <b>2.3</b> | <b>Hugmyndafræðilegur rammi</b>           | <b>12</b> |
| 3          | Tilhögun samkeppni                        | 13        |
| <b>3.1</b> | <b>Almennt um tilhögun</b>                | <b>13</b> |
| <b>3.2</b> | <b>Lykildagsetningar (áætlun)</b>         | <b>13</b> |
| <b>3.3</b> | <b>Forval</b>                             | <b>13</b> |
| <b>3.4</b> | <b>Keppnisgögn</b>                        | <b>14</b> |
| <b>3.5</b> | <b>Skipun dómnefndar</b>                  | <b>15</b> |
| <b>3.6</b> | <b>Skil á gögnum</b>                      | <b>15</b> |
| <b>3.7</b> | <b>Fyrirspurnir og skil</b>               | <b>15</b> |

---

# 1 Aðdragandi

## 1.1 Inngangur

Borgarstjóri skipaði í byrjun mars 2013 hóp til að fjalla um tækifærin í Gufunesi, fjalla um framtíðarsýn þess og útivistarsvæðið í grennd við Gufunesbæ, nýtingarmöguleika á svæði gömlu öskuhauganna og svæði Áburðarverksmiðjunnar. Heildarstærð svæðis sem um ræðir er um 1,3 km<sup>2</sup> og telst þá með svæði Gufunesbæjar, Áburðarverksmiðjunnar og að Geldinganesi.

Vinnuhópurinn var skipaður:

Inga Rut Gylfadóttir, landslagsarkitekt og MBA verkefnastjóri

### **Kjörnir fulltrúar:**

Dagur B. Eggertsson, formaður

Hjálmar Sveinsson

Eva Einaradóttir

Hermann Valsson

Ingibjörg Óðinsdóttir

### **Embættismenn Reykjavíkur:**

Björn Axelsson, USK

Hrólfur Jónsson, SEA

Bjarni Daníelsson, SEA

Soffía Pálsdóttir, SFS

Ómar Einarsson, ÍTR

Atli Steinn Árnason, Fríst. Gufunesbær

Ingibjörg Þ. Sigurþórsdóttir, Þjónustum. Grafarvogs

### **Tilnefndir:**

Elísabet Gísladóttir (íbúasamtök)

Málfríður (Fjölnir)

Hópurinn hitti flesta þá hagsmunaaðila sem eru á svæðinu bæði sem starfa á svæðinu eða hafa þar félagsaðstöðu. Aðilar kynntu sína starfssemi og komu með sína framtíðarsýn. Margar áhugaverðar hugmyndir eru uppi hjá aðilum um nýtingu svæðisins. Einnig fengu íbúar og aðrir gestir tækifæri til að koma skoðunum sínum og óskum á framfæri á Grafarvogsdaginn í maí 2014. Grafarvogsdagurinn er haldinn hátíðlega ár hvert.

Vinnuhópurinn lagði til að framtíðarskipulag Gufuness fari í opna hugmyndasamkeppni meðal fagaðila.

## 1.2 Markmið

Markmið Reykjavíkurborgar er að kalla eftir hugmyndum að skipulagi og hönnun, sem er í samræmi við meginstefnu í gildandi aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2013. Skipulag svæðisins

hefur lengi verið órætt svæði og miklar umræður um framtíðarþróun þess. Kominn er tími á að fá upp hugmyndir að framtíðarþróun og raunhæfar tillögur á svæðinu. Að það fái fallett heildaryfirbragð og geti þróast og öðlast samhangandi hlutverk til framtíðar sem stuðlar að fjölbreyttri notkun þess.



Innan þess svæðis sem um ræðir falla Gufunesbærinn og lóð Áburðarverksmiðjunnar að Geldinganesi. Svæðið í heild er um 1,3 ferkílómetrar að stærð. Nokkur uppbygging hefur átt sér stað síðastliðin ár í eldri byggingum en ótal möguleikar eru til aukinnar eða breyttrar nýtingar í framtíðinni.

Í dag eru margir ólíkir hagsmunaaðilar á svæðinu. Svæðið er ólíkt innbyrðis bæði hvað varðar innviði og ásýnd, með græn svæði, gamlar byggingar, atvinnustarfsemi að ólíkum toga, frumkvöðlastarfsemi, iðnað og íþróttaiðkun. Hvað varðar eignarhald

á byggingum innan svæðis er það alfarið í eigu Reykjavíkurborgar. Hagsmunaaðilar á svæðinu eru með mislanga leigusamninga en uppsegjanlega á nokkrum árum.

### **1.3 Sorphaugar Gufunesi**

Árið 1953 hófst skipuleg sorpbrennsla við Grafarvog þar sem nú er Bryggjuhverfið. Rétt fyrir ofan það svæði á Stórhöfðanum opnaði síðan fyrsta sorpeyðingarstöðin árið 1958, en hún hætti starfsemi 1978. Öskuhaugum borgarinnar var úthlutað landflæmi í Gufunesi árið 1967 og hófst skipuleg sorpurðun þar. Árið 1991 var núverandi sorpflokkunarstöð Sorpu í Gufunesi tekin í gagnnið, en í sama mund var öll urðun færð úr Gufunesi út í Álfsnes og hefur verið svo síðan.

### **1.4 Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030**

Í aðalskipulagi kemur eftirfarandi fram um svæðið, skilgreiningar á landnotkunarflokkum má sjá hér að neðan. Jafnframt er gert ráð fyrir að ráðist verði í gerð Sundabrautar, en vegna óvissu um tímasetningu framkvæmda hefur ekki verið unnið í því að fá endanlega niðurstöðu um legu og útfærslu brautarinnar. Hallsvegur hefur einnig verið skalaður niður þar sem hann mætir hugsanlegri Sundabraut og verður tengibraut í stað stofnbrautar. Heildarskipulag Sundabrautar verður tekið til endurskoðunar þegar fyrir liggja áform um framkvæmdatíma.

**Þ88 Gufunes.** Gert ráð fyrir starfsemi sem almennt fellur undir skilgreiningu athafna- og iðnaðarsvæða. Iðnaðarstarfsemi á svæðinu er víkjandi en gert er ráð fyrir blandaðri byggð íbúða og þrífalegri atvinnustarfsemi á svæðinu í framtíðinni.

**OP8 Gufunes.** Gufunes er nesið austur af Viðeyjarsundi, suðvestan Eiðsvíkur. Gufunes var sjálfstæð jörð. Kirkja var þar komin um 1150 og henni fylgdi kirkjugarður. Gufuneskirkja var lögð niður 1886. Beinín úr kirkjugarðinum voru tekin upp árið 1968 og flutt í nýjan grafreit vegna byggingarframkvæmda við Áburðarverksmiðjuna. Svæðið var um langt skeið nýtt sem urðunarstaður. Nú á dögum er útvistarsvæðið í Gufunesi hluti af Grafarvogshverfi. Norðaustan þess og norðan er Eiðsvík og Geldinganes og að sunnan Grafarvogurinn. Frístundamiðstöðin Gufunesbær var stofnuð haustið 1998 og sér Íþrótt- og tólmstundaráð Reykjavíkur um hana. Fyrir liggur deiliskipulag að svæðinu. Stefnumótun fyrir svæðið miðast fyrst og fremst við að styrkja margþætta möguleika þess til útvistar og afþreyingarstarfsemi.



### ST2 Blikastaðakró/Geldinganes

Meginstefna fyrir skipulag svæðisins skal miða að því að halda strandlengjunni óspilltri. Gera þarf fjöruna aðgengilega og setja upp fræðsluskilti og áningarstaði þar sem við á.



### 1.5 Núverandi aðstæður

Það má segja að skipulagssvæðið skiptist gróft í 4 –6 megin svæði, sjá kort að neðan:

- A) Svæði við Áburðarverksmiðju
- B) Hallsteinsgarður
- C-E) Svæði Skemmtigarðsins/Miðjussvæði
- C-E) Gamlir sorphaugar
- C-E) Svæði við gamla Gufunesbæinn
- F) Strandlína



## Svæði við Áburðarverksmiðju



Nokkrar byggingar á athafnasvæði gömlu Áburðarverksmiðjunnar eru „nýtilegar“ en margar þarfnast gríðarlegra lagfæringa.

**Til stendur að selja stærstu skemmuna, matshluta 47, fyrir kvikmyndaver, RVK Studios, sem áformar lagfæringar / endurbyggingu hennar.**

Matshlutar 04, 52, 15, 54, 19 og 05 eru í notkun Íslenska gámafélagsins. ÍG leigir frá sér til allmargra aðila (aðallega listamanna, sprota- og nýsköpunarfyrirtækja) í 11, 12, 13, 10 og 55. Íslenska gámafélagið mun flytjast á Esjumela í náinni framtíð.

Byggingarnar eru því nýtilegar, en það þýðir ekki að þessar byggingar (fyrir utan kvikmyndaverið) eigi að standa í framtíðinni ef hugmyndir koma fram um betri nýtingu svæðisins.

Af stærri húsum á svæðinu er sennilega erfiðast að nýta matshluta 01, 02 og 03, en þeir eru hluti af Marshall. 02 og 03 eru neðanjarðarbyrgi með sterkum veggjum og lofti. Gæti líka orðið uppspretta hugmynda. Bygging 04 Er einnig Marshall bygging.

05: Lélegt en er nothæft og er nýtt í dag.

---

Íslenska gámafélagið er 10-15 ára gamalt, og komu á svæðið árið 2000. Þeir hjá ÍG hafa lagt sig fram um að vinna í sátt við íbúa og Grafarvog í heild sinni. Á öllu svæðinu starfa um 250 manns þar með talin bio-diesel. Þeir hafa dregið til sín ýmis nýsköpunarfyrirtæki á sviði lista, avinnu, nýsköpunar og menningarlífs. Sem dæmi eru þar hljóðver, ljósmyndarar, skúlptúristar ofl. Svæðið er sérstakt byggingarlega séð.

#### Svæði Skemmtigarðsins / Gömlu sorphaugarnir

Skemmtigarðurinn í Grafarvogi (Fjörefli ehf) flutti starfsemi sína í Gufunesi árið 2008 og hefur árlega opnað nýjar afþreyingar eða leiksvæði fyrir alla aldurshópa. Í dag er boðið upp á tvo 18 holu minigolf velli, fótboltagolf, lasertag, litbolta, hópeflisleiki, þrautabraut, grillveislur, aðstöðu fyrir tónleika ofl. Búið er að byggja nokkrar leikmyndir, Villta Vestrið, Píramýdavöll og Sjóræningjabæ þar sem hluti af afþreyingunum fer fram. Í upphafi var Skemmtigarðurinn opinn fyrir skólahópa, vinahópa og fyrirtækjahópa en í dag er einnig opið fyrir almenning á auglýstum opnunartímum á sumrin.

Fjörefli ehf. hlaut styrk til landgræðslu í landi Reykjavíkur í Gufunesi árið 2009. Markmið verkefnisins var að græða landsvæði í Gufunesi þar sem áður stóðu sorphaugar borgarinnar. Til að borgarbúar gætu nýtt sér svæðið til útivistar var grasi sáð og trjám plantað en Skemmtigarðurinn hefur í framhaldi grætt upp ný svæði á hverju ári og hafa nokkrir hektarar verið tyrfðir og græddir. Göngustígar hafa verið lagðir á þann hátt að auðvelt er að ganga yfir á útivistarsvæði Gufunesbæjar. Búið er að fullnýta 80% af því landsvæði sem hægt er að nýta undir starfseminu í dag og stefna eigendur Skemmtigarðsins að fullnýtingu svæðisins innan 2ja ára. Á síðasta ári voru vatns og rafmagnslagnir lagðar um allt landið til að styðja við áframhaldandi uppbyggingu svæðisins í heild. Á reitnum er skipulagður byggingareitur fyrir innanhúss afþreyingu sem er í takt við starfsemi Skemmtigarða erlendis þar sem boðið er upp á afþreyingu jafnt innanhúss sem utanhúss. Stefnt er að því að hefja byggingu á innanhúss aðstöðunni á næsta ári.

#### Svæði við gamla Gufunesbæinn

Aðalhúsið er í mjög góðu standi og er nýtt í dag fyrir starfsemi frístundamiðstöðvarinnar Gufunesbæjar sem heyrir undir skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar. Það mun standa óbreytt. Hlaðan, sem búið er að gera upp, tilheyrir einnig frístundamiðstöðinni og er nýtt sem fjölnota salur m.a. fyrir fundi og ráðstefnur. Við hlið hlöðunnar er gamall súrheysturn sem notaður er fyrir veggjaklifur. Svæðið umhverfis hefur verið í uppbyggingu í áföngum s.l. 15 ár og er vel sótt af leik- og grunnskólum, frístundaheimilum og félagasamtökum auk almennings. Á svæðinu eru hjólabretta- og strandblakvellir, leiksvæði, frispígolfvöllur, grillskýli, ævintýrahóll, brennustæði og útieldunarsvæði.



---

Uppbygging svæðisins er hugsuð með sama sniði áfram, í áföngum og hólfaskipt fyrir mismunandi þemu, þar sem allur aldur getur komið saman í fjölbreyttan leik og eftir mismunandi áhugasviðum. Hugmynd að stækka núverandi svæði t.d brettasvæði, útfæra leik- og fjölskyldusvæði, útináms- og náttúruleiksvæði, æfingaprautabraut, minigolf o.fl. Skoða þarf göngu- og hjólastígagerð inn á svæðinu auk tenginga við meginstíga. Huga þarf að garð- og skógrækt á svæðinu ásamt skjólmyndun.

Á svæðinu eru skilgreindir byggingareitir sem nýta má undir frístundahús/fjölnotahús í tengslum við starfsemi frístundamiðstöðvarinnar og útisvæðis í kring. Þar má hugsa sér þjónustu við svæðið m.a. veitinga/kaffihús sem og aðra þjónustu tengt starfsemi frístundamiðstöðvarinnar.

Til er deiliskipulag af svæðinu sem má endurskoða í samhengi við nýjar hugmyndir um skipulag svæðisins í heild.

Smábílastöð Íslands : Um er að ræða Fjarstýrða bíla (módel) sem keyra á moldar/sand brautum í dag. Í klúbbum eru ca. 50 manns. Ca. 5-7 keppnir fara fram á svæðinu á ári en starfsárið er ca. frá apríl-september gæti þó verið lengra. Þeir sjá fyrir sér til framtíðar að fá byggt upp aðstöðuhús, bæta bílastæðamál, fá aðgengi að vatni og rafmagni og eina malbikaða braut fyrir bíla.

Sorpa : Í dag er opnunartími Sorpu 8 klst á sólarhring. Þeir hafa áhuga á að stórauka vinnsluna í framtíðinni. Þeir sjá fyrir sér meiri fínflokkun frá heimilum t.d skyrdósir ofl. Ekkert fer þarna inn án þess að það sé viktað og greitt fyrir t.d sorpbílar. Samstarf er við bæði innlenda og erlenda aðila með plast, fatnað, skó ofl. Allur úrgangur og annað frá grendarstöðvum endar í Sorpu.

Adrenalín garðurinn (Ultima Thule): Adrenalín garðurinn er ekki með starfsemi á svæðinu eins og stendur en hafa fengið vilyrði fyrir svæði til uppbyggingar. Um er að ræða garð með fjölbreyttum þrautabrautum þar sem börn og fullorðnir allt frá 2 ára aldri, þurfa að reyna á eigið þol, afl, orku, jafnvægi ofl. Í dag eru þau með svæði á Nesjavöllum og hafa verið að skoða mögulegt samstarf við Fjölskyldugarðinn í Laugardal þó þau séu líka áhugasöm um uppbyggingu í Gufunesinu. Hægt er að fá fjölbreyttar þrautir og stærð garðs getur verið mismunandi.

Jaðaríþróttafélag Reykjavíkur: Félagið er innan ÍSÍ og hýsir jaðaríþróttir á borð við BMX hjól, hjólabretti, línuskauta ofl. Þeir eru núna með inniaðstöðu í Héðinshúsinu/Loftkastalanum. Þeir hafa einnig unnið svæði með sveitarfélögum t.d Mosó ofl. Þeir vinna mjög náið með foreldrum sem eru einkar áhugasamir. Hugmyndin er að börn geta æft íþróttina eins og aðrar íþróttir og þá með leiðbeinendum og annarri aðstöðu. Hafa skoðað mikið tilbúna velli frá USA (scate parks) og Póllandi (Tec ramps) þar sem er vottuð framleiðsla á völlum. Kostar ca. 130 milljónir að útbúa upphitaðan völlum sem nýtist fyrir bæði BMX, hjól og bretti.

---

### Moldarblandan Gæðamold ehf:

Moldarblandan er með starfsemi á svæðinu en mun fara af svæðinu.

### Strandlína

Engin uppbygging hefur verið við strandlínuna nema við við gömlu Áburðarverksmiðjurnar en þar er gömul iðnaðarhöfn í dag. Hún er illa farin og varhugaverð. Austan við iðnaðarhöfn hefur hvítum sandi verið dælt á svæðið. Einnig er talað um að heitur straumur liggi við strandlínuna sunnanverða í línu við gamla Gufunesbæinn og áður fyrr hafi fólk stundað þarna sjósund að einhverju leiti.

---

## 2 Leiðarljós og markmið

### 2.1 Leiðarljós:

#### Leiðarljós samkeppninnar:

- ▶ **Samfélag:** Að skapa heildstæðar einingar sem fjarlægja hindranir og hvetja til jákvæðra samskipta á milli mismunandi aldurs- og þjóðfélagshópa.
- ▶ **Gæði byggðar:** Að skipulag byggðar myndi umgjörð um lifandi og aðlaðandi staði sem ýti undir aukin og gagnkvæm samskipti fólks og umhverfis.
- ▶ **Samgöngur:** Að verslun og þjónusta sé í göngufjarlægð frá öllum íbúum viðkomandi skipulagssvæðis. Gangandi og hjólandi umferð ásamt almenningsamgöngum verði sett í forgang.
- ▶ **Vistkerfi og minjar:** Að tryggja náttúrulegan fjölbreytileika lands, lífríkis, og menningarminja með markvissri verndun og viðhaldi.
- ▶ **Orka og auðlindir:** Stuðla skal að sjálfbærari nýtingu orku og auðlinda svo sem vatns, rafmagns og lands. Auka kolefnisbindingu með gróðri og hlutdeild endurvinnslu með markvissri úrgangsstjórnun.
- ▶ **Mannvirki:** Að taka tilliti til frampróunar í vistvænni byggingartækni og mannvirkjagerð sem verði skilyrtur hluti af framkvæmda- og byggingarskilmálum.
- ▶ **Náttúruvá:** Gera viðeigandi ráðstafanir og marka stefnu til að lágmarka hættu af völdum loftslagsbreytinga á lágsvæðum.
- ▶ **Lýðheilsa:** Að svæðið komi til móts við og ýti undir afþreyingu, útivist og hreyfingu almennings á sem fjölbreyttastan hátt allan ársins hring og ýti undir menningarstarfsemi.

### 2.2 Megin markmið:

- ▶ Á byggingarsvæðum er gert er ráð fyrir starfsemi sem almennt fellur undir skilgreiningu athafna- og iðnaðarsvæða. Iðnaðarstarfsemi á svæðinu er víkjandi en gert er ráð fyrir blandaðri byggð íbúða og þrifalegri atvinnustarfsemi á svæðinu í framtíðinni.
- ▶ Að koma með áhugaverðar og spennandi tillögur um blandaða byggð sem innifelur í sér skrifstofur, íbúðir og þjónustu ásamt opnum almenningsrýmum og góðum samgöngum.
- ▶ Það er allt opið varðandi það hvort nýta skuli núverandi byggingar í áframhaldandi skipulagi, flétta þær við nýja byggð eða hugsá svæðið alveg uppá nýtt með nýrri byggð.
- ▶ Hæð nýrrar byggðar skal ekki fara yfir hæð núverandi húsa.
- ▶ Að skoða möguleika og að nýta sóknarfærin sem myndast með öflugum kvikmyndaveri á svæðinu
- ▶ Að fara yfir fyrirbyggjandi hugmyndir og eftir atvikum kalla eftir nýjum hugmyndum um notkun og/eða uppbyggingu á svæðinu.

- 
- ▶ Virða það sem vel hefur verið gert á svæðinu.
  - ▶ Að setja fram raunhæfa framtíðarsýn fyrir svæðið í heild.
  - ▶ Að meta kosti í uppbyggingu útivistarstarfsemi, s.s. ylstrandar, aðstöðu fyrir vatnasport ofl.
  - ▶ Að leggja drög að uppbyggingu göngu- og hjólastíga.
  - ▶ Göngubrú yfir í Viðey en grynningar eru á því svæði
  - ▶ Að skoða mögulega léttu uppbyggingu á gömlu sorphaugunum skógrækt, gróðursetning, áningastaðir
  - ▶ Að ná fram góðri tengingu við núverandi stígakerfi og nærliggjandi íbúahverfi.
  - ▶ Heildarsvæðið skal tengjast innbyrðis með vegum, fjölbreyttum göngu- og hjólastígum eftir því sem við á
  - ▶ Að svæðið verði líflegt og auki umferð gangandi fólks.
  - ▶ Að skapa skjólsæl og áhugaverð almenningsrými.
  - ▶ Að skapa aðlaðandi svæði fyrir fjölskyldur og fjölbreyttan hóp fólks.
  - ▶ Að styrkja margþætta möguleika svæðisins sérstaklega umhverfis gamla Gufunesbæinn til útivistar og afþreyingarstarfsemi.
  - ▶ Að nýta sérstöðu svæðisins.
  - ▶ Taka tillit til vistvænna framþróunar í byggingartækni og mannvirkjagerð.
  - ▶ Uppbygging á bryggju sem nýsts gæti sem stoppistöð fyrir bátastrætó

### **2.3 Hugmyndafræðilegur rammi**

Huga skal sérstaklega vel að flæði umferðar milli svæða, hvort sem það eru akandi, gangandi eða hjólandi umferð. Fjölbreyttar göngu- og hjólaleiðir verði um svæðið. Öll mannvirki; stígar, byggingar, bílastæði o.fl. skulu falla sem best að landslagi og skapi sem mest skjól og rými. Litaval, yfirbragð og form skal falla vel að náttúrufarslegum aðstæðum.

Mikilvægt er að koma með raunhæfar tillögur að skipulagi og uppbyggingu svæðisins og að viðhalds- og rekstrarkostnaður verði sem minnstur. Svæðið þarf að vera sem mest sjálfbært.

- Sjálfbær hugsun verði höfð að leiðarljósi.
- Tillagan endurspegli víðsýni og sjónarmið breiðs faghóps.
- Tillagan ýti undir að gestir upplifi svæðið sem eina heild og tengi saman áhugaverða staði og svæði.
- Tillagan byggi á gefnum forsendum
- Tillagan sýni raunhæfar hugmyndir
- Tillagan sýni hugmyndir um þéttleika byggðar

## 3 Tilhögun samkeppni

### 3.1 Almennt um tilhögun

Stefnt er að því að samkeppnin verði hugmyndasamkeppni og að valdir verði sex aðilar að undangengnu forvali. Allir þátttakendur fá greitt fyrir tillögur sínar kr. 1.500.000 auk vsk. Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að nýta hverja tillögu að hluta eða í heild. Greitt verður aukalega kr. 1.000.000 auk vsk. fyrir verðlaunatillögu. Áframhaldandi skipulagsvinna á svæðinu verður ekki bundin við þátttakendur eða verðlaunahafa eingöngu. Keppnin stendur yfir í 5 mánuði frá afhendingu gagna til skila. Nafnleynd hvílir á framlögðum tillögum þar til dómnefnd hefur skilað álitinu sínu. Gert er ráð fyrir að ein tillaga verði valin *Verðlaunatillaga*. Allar tillögur og öll samskipti verða á íslensku. Þátttakendur fá greitt eftir að skilagögn hafa borist og tillögur dæmdar, að því gefnu að teymið hafi unnið tillögur sínar í samræmi við keppnislýsingu og kröfur sem lagðar hafa verið fram þar. Valin teymi fá afhent gögn og eftir það skulu öll samskipti vera við trúnaðarmann.

### 3.2 Lykildagsetningar (áætlun)

|                            |                     |
|----------------------------|---------------------|
| Forval auglýst             | 19.-20. mars 2016   |
| Forvals umsóknarfrestur    | 19. apríl 2016      |
| Niðurstöður forvals        | 29. apríl 2016      |
| <u>Samkeppni hefst</u>     | <u>18. maí 2016</u> |
| Fyrirspurnarfrestur        | 10. júní 2016       |
| Svör við fyrirspurnum      | 20. júní 2016       |
| Seinni fyrirspurnarfrestur | 8. ágúst 2016       |
| Svör við fyrirspurnum      | 15. ágúst 2016      |
| Skil á gögnum              | 30. ágúst 2016      |
| Dómnefnd lýkur störfum     | 15. september 2016  |

### 3.3 Forval

Gerðar eru lágmarkskröfur um hæfni þátttakenda til að öðlast þátttökurétt. Gefin eru stig fyrir þátttöku og árangur í samkeppnum á liðnum árum ásamt því að hópar skili inn greinagerð þar sem fram koma hugmyndir um hvernig hópurinn sér fyrir sér að vinna tillöguna og grófa hugmynd að notkun svæðisins. Þeir sem flest stig hafa eru valdir til þátttöku í keppninni. Krafa er um að þátttakendur myndi þverfaglegt teymi sérfræðinga sem samsett er af minnst tveimur af þremur tilgreindum fagstéttum. Lágmarkskrafa er að þátttakandi í teymi sé arkitekt, landslagsarkitekt eða skipulagsfræðingur. Stigagjöf, miðast við vinnu s.l. 15 ára.



- Hvert sambærilegt verkefni (þróun skipulags á byggðu svæði): 6 stig, hámarksstigafjöldi 18 stig.
- 1.-3. sæti í skipulagssamkeppni: 5 stig, hámarksstigafjöldi 15 stig.
- Innkaup eða viðurkenning fyrir athyglisverða tillögu skipulagssamkeppni: 5 stig, hámarksstigafjöldi 15 stig.
- 1.-3. sæti í hönnunarsamkeppni: 3 stig, hámarksstigafjöldi 6 stig.
- Innkaup eða viðurkenning fyrir athyglisverða tillögu hönnunarsamkeppni: 3 stig, hámarksstigafjöldi 6 stig.
- Þátttaka í samkeppni 1 stig, hámarksstigafjöldi 5 stig.
- Greinargerð þar sem hópurinn skilar inn 1-2 A4 síðum þar sem aðilar útskýra í stuttu máli hvernig þeir hyggjast nálgast verkefnið, sýn þeirra, skapandi og grófar hugmyndir um heildarnýtingu á svæðinu. Uppsetning frjáls með eða án mynda/teikninga, hámarksstigafjöldi 20 stig.

Fylla skal inn í töflu sem er aðgengileg á uppgefnu vefsvæði í auglýsingu.

Í forvalinu er miðað er við að velja sex umsækjendur sem uppfylla 60 stig til þátttöku í hugmyndasamkeppninni. Ef fleiri en sex umsækjendur uppfylla 60 stig verða tveir stigahæstu valdir til þátttöku. Ef fleiri en tveir verða stigahæstir verður dregið um þessi tvö efstu sæti þeirra á milli. Dregið verður um hin fjögur sætin sem eftir eru úr hópi allra umsækjanda sem uppfylla 60 stig. Ef færri en sex umsækjendur uppfylla 60 stig eru valdir sex stigahæstu umsækjendurnir til þátttöku.

Forvalsnefnd skipa eftirfarandi aðilar:

Björn Ingi Edvardsson, landslagsarkitekt hjá Reykjavíkurborg  
 Kristinn Jón Eysteinnsson, skipulagsfræðingur hjá Reykjavíkurborg  
 Borghildur Sölvey Sturludóttir, arkitekt hjá Reykjavíkurborg  
 Hlín Sverrisdóttir, landslagsarkitekt FÍLA

### 3.4 Keppnisgögn

Auk keppnislýsingar verður keppendum útveguð eftirtalin gögn, sem verða gerð aðgengileg á samkeppnissvæði borgarinnar [www.hugmyndasamkeppni.is](http://www.hugmyndasamkeppni.is)

- ▶ Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, ásamt greinargerð.
- ▶ Gildandi deiliskipulagsáætlanir á svæðinu.
- ▶ Stafrænn kortagrunnur ásamt loftmynd af samkeppnissvæði.
- ▶ Gátlisti um mat á visthæfi byggðar og skipulags, fylgigagn með vinnu við hverfisskipulag.
- ▶ Matsskýrsla Línuhönnunar vegna Sorphauga á Gufunesi.
- ▶ Önnur kort og gögn, t.d. vindrós, jarðfræðikort ofl.

- 
- ▶ Yfirlit yfir núverandi byggingar og ástand þeirra
  - ▶ Útlínur öskuhauga. Ekki skal byggt á því svæði.

Þess utan er bent á eftirtalin lög og reglugerðir:

- ▶ Samkeppnisreglur FÍLA.
- ▶ Skipulagslög nr. 123/2010.
- ▶ Lög um mannvirki nr 160/2010.
- ▶ Skipulagsreglugerð nr. 90/2013.
- ▶ Byggingarreglugerð nr. 112/2012.
- ▶ Lög um menningarminjar nr. 80/2012.
- ▶ Lög um náttúruvernd nr. 44/1999.
- ▶ Menningarstefna í mannvirkjagerð.

### **3.5 Skipun dómnefndar**

Stefnt er að því að fimm aðilar verði í dómnefnd ásamt ritara og verður hún skipuð að loknu forvali. Reykjavíkurborg skipar þrjá aðila og tveir aðilar verða skipaðir af Félagi íslenskra landslagsarkitekta.

### **3.6 Skil á gögnum**

Stefnt er að því að skilað verði 2-4 uppdráttum í A1 með greinargerð, uppdráttum skal skila á pappír límdum á frauð og jafnframt sem pdf á disk. Nánar verður gerð grein fyrir framsetningu á því sem ber að skila í keppnislýsingu, svo sem mælikvörðum, grunnkortum og sneiðingum.

### **3.7 Fyrirspurnir og skil**

Félag Íslenskra Landslagsarkitekta (FÍLA) skipar trúnaðarmann keppenda. Keppni hefst þegar gögnum hafa verið afhent þeim sem eru valdir til þátttöku.